

Skoðunarferðir í boði í ferð til Cardiff 26.4 – 1.5 2018.

Menning, handverk og sveitin! Dagsferðir með ensku mælandi leiðsögumanni!

Þessar ferðir liggja til ýmissa staða í Wales, kynna fyrir ykkur siði og ýmislegt sem við þekkjum ekki á Íslandi. Sumt verður kunnuglegt og annað frábrugðið! Á þessum dögum verður boðið upp á að fara til allra átta út frá Cardiff og um margbreytilegt landslag.

Enskumælandi leiðsögumaður verður í öllum þessum ferðum en með honum verður okkar íslenski fararstjóri Unnur Sæmundsdóttir sem mun geta aðstoðað við að túlka yfir í íslensku ef þörf þykir. Farþegar verða sóttir á hótelin – og þeim skilað þangað eftir ferðirnar. Matur og drykkir eru ekki er innifaldir í verðum skoðunarferða. Enginn asi verður í þessum ferðum, það verður tími til að líta vel í kringum sig, taka myndir og versla minjagripi ef fólk vill. Suma dagana eru valkæðir kostnaðarliðir sem hægt verður að bæta við ef menn vilja.

Hver ferð verður um 7 klst að lengd - frá 09:30 til 16:30.

Verðin miðast við lágmarkspáttöku 15 manns í ferð

Föstudagur 27. apríl: FERÐ 1 - Arfleifð, saga og Caerphilly kastali. (Ferð í norður!)



Ferð dagsins tekur stefnuna til “Árbæjarsafns” þeirra Walesbúa: Svæði með mörgum welskum húsum frá ýmsum tímum í landi og görðum St Fagans kastalans en hann er frá 16 öld. Jarlinn af Plymouth gaf íbúum Wales aðalbyggingu svæðisins 1948. Síðan þá hafa yfir 40 hús frá ýmsum tímum verið endurbyggð á þessari 40-hektara jörð, þar á meðal bóndabýli, skóli, kapella og

handverksskóli. Svæðið við St Fagans sýnir vel hvernig fólkið í Wales hefur búið, unnið og eytt frítíma sínum á liðnum tímum. Þetta er kjörið tækifæri til að kynnst fyrri lífsstíl og síðum íbúa landsins! Hér má kaupa ýmislegt skemmtilegt, t.d. í Gwalia Stores sem var rekin sem fjölskylduverslun og sinni íbúum Ogmores Vale í Suður-Wales fyrir nærri hundrað árum. Verslunin er nú endurreist við St Fagan og selur í dag ýmsar matar- og drykkjarvörur frá landinu ásamt vefnaðarvöru og ýmsum heimilisiðnaðarvörum.

Seinni hluta dagsins verður skoðaður “alvöru” kastali með síki og fleiru! Caerphilly kastali gnæfir hár og glæsilegur á 12-hektara jörð. Þetta er stærsti kastalinn í Wales og sá næststærsti á Bretlandi strax á eftir Windsor kastala. Þetta miðalda virki var byggt að mestu á árunum 1268 og 1271 af Gilbert de Clare. Hönnun kastalans samanstendur aðallega af hringlanga veggjum, eitthvað sem ekki hafði sést áður í Bretlandi. Til varnar er virkið einnig umlukið hringlaga vatni og stórum hliðum. Þetta er




glæsileg arfleifð og minnismerki frá tímum “Anglo-Normanna” sem var yfirstétt landsins á þessum tímum.

Verð á mann: Kr. 6.700.-

Innifalið: akstur, leiðsögn á ensku, og aðgangur að St Fagan útisafni og Caerphilly kastala.

Laugardagur 28.apríl: FERÐ 2 - Saga kolanámana. (Ferð til vesturs!)



Kolanámugróftur í Cardiff og á Suður-Wales svæðinu hefur haft gríðarmikla þýðingu fyrir þjóðina og var aðalástæða þess hvað iðnaður blómstraði á fyrri öldum. Þegar námurnar lokuðu og iðnaðurinn hætti að nota kolin hafði það afar neikvæð áhrif í Suður-Wales. Þar með var ekki þörf fyrir stóru hafnirnar í Cardiff og endurbuygging og breytingar á þeim í falleg útisvæði sem við getum séð í dag er afleiðing þessa. Saga kolanámuiðnaðar landsins er áhugaverð og vel þess

virði að kynast henni. Í dag verður haldið til Pontypool. Þar er kolanáma sem var í notkun 1880-1980 en var þá breytt í safn. Þarna gefst kostur á að fara með lyftu niður í námugöngin og sjá hvernig vinnan þarf fór fram. Ef einhverjir vilja það ekki fá þeir meiri tíma í þann hluta safnsins sem er ofanjarðar. Heimleiðin liggur í gegnum Brecon Beacon þjóðgarðinn.

Verð á mann: Kr. 6.700.-

Innifalið: akstur, leiðsögn á ensku, og aðgangseyrir í kolanámusafn.



Sunnudagur 29. apríl: FERÐ 3 – Hinn fagri Wye dalur. (Ferð til austurs!)

Þetta fagra landsvæðið á sér mikla sögu en þarna réði Arthur konungur ríkjum, þarna bjuggu



Rómverjar, þar settust að landnámsmenn frá Normandíu, þetta var áfangastaður pílgríma og þetta er landslag sem J.M.W.Turner listmálari teiknaði. Í dag er þarna blómleg vínækt, þar má sjá laxinn stökkva og þarna þrífst verslun og menning. Farið verður meðfram Wye ánni, stoppað við Tintern Abbey

klaustur og í hinum líflega markaðsbæ Monmouth og síðan ekið til baka eftir Usk dalnum. Rústir kirkjunnar í Tintern eru meðal athyglisverðustu klausturrústa Wales. Árið 1131 var stofnuð þarna munkaregla sú fyrsta sinnar tegundar í Wales og önnur á Bretlandi.

Hægt er að fara inn og skoða rústirnar, en aðgangseyrir 6 £ er ekki innifalinn í verðinu og greiðist á staðnum.

Verð á mann: Kr. 6.700.-

Innifalið: akstur og leiðsögn á ensku.



glugga. Hin rómversku böð er það sem Bath er helst þekkt fyrir en þar er einnig musteri ásamt safni með ýmsum stytum.

Bath, sem var sett á heimsminjaskrá UNESCO 1987 er ein vinsælasta ferðamannaborg Englands en talið er að um 3,8 milljónir manna heimsæki borgina í dagsferðum árlega fyrir utan þá sem gista þar. Frá Cardiff liggur leiðin til

Englands um Severn brúna og til Somerset. Við komuna til Bath verður fyrst stutt fræðsla um borgina, farið í rómversku böðin og þá gefinn frjáls tími til að skoða sig um á eigin vegum, versla og njóta umhverfisins. Meðal þess sem hægt er að gera er að skoða hús Jane Austen, ganga eftir árbakkanum og heimsækja tebúð Sally Lunn. Leiðsögumaðurinn aðstoðar alla þá sem vilja þegar komið er á staðinn.

Verð á mann: Kr. 9.500.-

Innifalið: akstur, leiðsögn á ensku og aðgangur að rómversku böðunum.

Mánudagur 30. apríl : FERÐ 4 - Bath. (Ferð í suður!)

Bærinn Bath er staðsettur í dölum árinna Avon, í fallegu landslagi suðvestur Englands og er þekkt fyrir heitar lindir og georgískan arkitektúr. Hunangslitað Bath bergið er mjög algengt í byggingum borgarinnar eins og t.d. Bath Abbey klausturskirkja, sem er þekkt fyrir turna og steinda

